

Húnaþing vestra  
Sveitarstjóri  
Hvammstangabraut 5  
530 Hvammstangi

Reykjavík 5. júní 2018  
UST201804-266/K.S.J.  
10.04.02

### **Efni: Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014 – 2026 - Breyting – Vatnsnesvegur**

Vísað er til erindis sveitarstjóra Húnaþings vestra er barst 24. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014 – 2026, vegna breyttrar legu á Vatnsnesvegi nr. 711, ásamt nýjum efnistökusvæðum.

Í greinargerð kemur fram að ofangreind breyting fjallar um breytta veglínu á um 700 m kafla við bæinn Tjörn á Vatnsnesi, en í heild er vegafrekvæmdin 1,8 km og að hluta í sama vegstæði. Eins og fram kemur í greinargerð er ofangreind breyting á Vatnsnesvegi, breyting til batnaðar varðandi umferðaröryggi á svæðinu og fækkar um hættulega vegkafla og einbreiðar brýr.

Í greinargerð kemur einnig fram að innan nýrrar veglínu Vatnsnesvegur er nýtt brúarstæði yfir Tjarnará og núverandi brú verður aflögð, en ekki kemur fram hvort hún verði fjarlægð eða ekki. Að mati Umhverfisstofnunar ætti það að koma fram þar sem tvær brýr hafa meiri áhrif á ásýnd svæðisins

#### **Efnistaka**

Í greinargerð kemur fram að alls verður efni fengið úr fimm efnistökusvæðum og að áætluð efnishörf vegna vegagerðarinnar er um það bil 29.000 m<sup>3</sup>. Efni verður tekið úr einni námu sem skilgreind er í gildandi aðalskipulagi, en einnig verða fjögur ný efnistökusvæði skilgreind. Í gildandi aðalskipulagi Húnaþings verða því alls 46 efnistökusvæði í sveitarfélaginu. Stofnunin bendir á að í aðalskipulagi skal skilgreina þau efnistökusvæði sem nýta á efni úr á skipulagstímabilinu. Frágengin efnistökusvæði sem ekki stendur til að nýta eiga ekki að vera á lista yfir efnistökusvæði. Einnig bendir stofnunin á að í stefnumótun íslenskra stjórnvalda til 2020: Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, segir um fækkun náma og frágang opinna náma á bls. 40: „*Æskilegt er að nám jarðefna fari eftir því sem hægt er fram á tiltölulega fáum afmörkuðum námasvæðum; fáar og tiltölulega stórar námur hafa minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar*“. Að mati Umhverfisstofnunar ætti sveitarfélagið að stefna að fækkun náma í vinnslu.


## Umhverfisskýrsla


Umhverfisstofnun hefur farið yfir umhverfisskýrslu og niðurstöður matsins. Að mati stofnunarinnar mun framkvæmdin hafa meiri áhrif á ásýnd og landslag en fram kemur í niðurstöðutöflu. Mestu áhrif á ásýnd og landslag verða þar sem breyting verður á vegstæði og nýr vegur og brú verða framkvæmd á um 700 metra belti. Á því svæði verður rask og ný brú bætist við yfir ána. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að áhrif tveggja brúa á ásýnd svæðisins verði skoðuð.

Umhverfisstofnun telur að áhrif á ásýnd og landslag verði óhjákvæmilega meiri en óveruleg við það að opnaðar eru fjórar nýjar námur, ekki síst þar sem í heild eru fjöritíu og sex námur í sveitarfélaginu. Umhverfisstofnun tekur undir að gengið verður frá námunum til samræmis við aðliggjandi náttúrufar. Umhverfisstofnun ítrekar tilvitnun í stefnu stjórnvalda hér að ofan um að stefna að færri og þá stærri efnisnánum frekar en að efnistöku sé dreift víða.

Stofnunin bendir á að í greinargerð kemur fram að vinna við uppbyggingu stokks í Tjarnará muni fara fram á þeim tíma sem hefur minnst áhrif á lífríki árinna þ.e. utan tímabilsins 15. júní til 1. október. Í niðurstöðu matsins kemur fram að vinnu við stökkinn verði hagað þannig að framkvæmdin hafi sem minnst áhrif, en þar er ekki minnst á hið tiltekna tímabil sem fram kemur í greinargerð. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að verktakar og starfsmenn séu vel upplýstir um áætlun framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
Sérfræðingur